



Á myndinni eru frá vinstri: Daði Vilhjálmsson, Pétur V. Reynisson, Katrín Kristjánsdóttir, Rafn Hilmarsson og Arnar Geirsson. Mynd: Helgi Kjartan Sigurðsson.

Málþing um aðgerðapjarka

Á nýafstöðnu vísindaðingi Skurðlæknafélgs Íslands (SKÍ), Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands (SGLÍ) og Félags íslenskra fæðinga- og kvensjúkdómalækna (FÍFK) var haldið málþing um notkun aðgerðapjarka í skurðlækningum (*robotic surgery*). Málþingið þótti takast sérlega vel og var húsfyllir í Kaldalónssal Hörpu. Frummælendur voru allt íslenskir læknar og komu tveir þeirra frá Svíþjóð, Daði Þór Vilhjálmsson sem greindi frá notkun aðgerðapjarka við ristil- og endaparmskrabbamein og Pétur V. Reynisson sem lýsti notkun hans í aðgerðum við leghálskrabbameini. Rafn Hilmarsson og Arnar Geirsson, báðir sérfræðingar sem nýlega eru komnir til starfa á Landspítala, greindu síðan frá notkun aðgerðapjarkans í sínum sérgreinum, það er þvágfæraskurðlækningum annars vegar og hjarta- og lungnaskurðlækningum hins vegar. Allir hafa þessir læknar reynslu af aðgerðapjarka úr sérnámi sínu erlendis.

Fundarstjórn var í öruggum höndum Katrínar Kristjánsdóttur kvensjúkdómalæknis en hún hefur reynslu af notkun þjarkans.

Tómas Guðbjartsson